

# Eystrahorn

19. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 19. maí 2022

www.eystrahorn.is

## Leiklistarstarfsemi sumarið 2022 og götuleikhús

Þeir Hornfirðingar sem komnir eru til vits og ára muna eflaust eftir litskrúðugu götuleikhúsi sem opnun á okkar ástkaeru Humarhátíð. Skrautlega klæddir einstaklingar, spúandi eldi í allar átti og sumir jafnvel á stultum! Allskonar skemmtilegar figúrir svo ekki sé talað um margra metra langa drekkann sem hlyktist um götur bæjarins. Flögg og skraut, englar svifandi í óróa hátt yfir mannföldanum og brjálaðir trúðar með innkaupakerrur hlaupandi útum allt. Andlitsmálúð brosandí börn dragandi kassabíla á eftir gömlum ökutækjum og tónlistarfólki bæjarins að leika og syngja á húspökum bæjarins. Já svona var einu sinni árlegur viðburður sem þáverandi sjálfboðaliðar leikfélagsins keyrðu áfram. Í tilefni að 60 ára afmæli Leikfélags Hornafjarðar, viljum við endurvekja götuleikhúsið í samstarfi við Humarhátíðarnefnd og hefja Humarhátíð með pomp og prakt.

Til að aðstoða við þessa framkvæmd hefur leikfélagið fengið Smáleikhúsið til liðs við sig. Smáleikhúsið samanstendur af Hornfirðingum og sviðshöfundinum Aroni Martin Ásgerðarsyni og leikaranum Elisabetu Skagfjörð. Smáleikhúsið var stofnað árið 2017 með það að markmiði að efla listkennslu fyrir börn og unglinga úti á landi. Smáleikhúsið leggur áherslu á að gefa ungu fólki öruggt rými til sköpunar óháð kyni, kynþáttar og þjóðernis ásamt því að kynna þau fyrir hinum ýmsu aðferðum leikhússins og efla þannig bæði vísýni og sjálfstæði ungs fólks til listsköpunar.

### Aron Martin Ásgerðarson

Aron Martin útskrifaðist sem sviðshöfundur frá Listaháskóla Íslands árið 2019 og hefur haft leikhúsvinnu og kvikmyndagerð sem aðalstarf frá árinu 2016. Hann hefur meðal annars leikstýrt Stúdentaleikhúsinu, Menntaskóla Akureyrar og Menntaskóla Reykjavíkur. Aron hefur mikla reynslu sem leikmyndahönnuður og hefur síðustu misseri séð um að hanna leikmyndir fyrir hin ýmsu sjónvarps- og kvikmyndaverkefni. Aron spilar einnig með rafpönnkúttinum HEXHEXHEX og hefur mikla reynslu af tónsmíðum og hljóðfæraleik.



### Elisabet Skagfjörð

Elisabet útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2018. Áður en hún hóf nám við LHÍ hafði hún starfað sem leikari, dansari og söngvari við Borgarleikhúsið þar sem hún tók þátt í ýmsum stórum söngleikjum þar á meðal Mary Poppins og Billy Elliot. Hún lærði klassískan ballett og nútímalistdans við Listdansskóla Íslands í 4 ár. Elisabet hefur kennt börnum og unglingum leiklist, söng og dans frá árinu 2011 hjá Leikfélagi Mosfellssveitar, Sönglist og dansskóla Birnu Björns ásamt því að hafa unnið

við framhaldsskólasýningar hjá Menntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum við Sund. Elisabet sá einnig um Götuleikhúsið í Kópavogi í 3 ár.


Börnum og ungmennum gefst því kostur á að skrá sig á sérstakt götuleikhúsnámskeið. Þar mun Smáleikhúsið leiðbeina þeim í undirbúningi að umræddu götuleikhúsi en til að gera slíka framkvæmd sem glæsilegasta þá skiptir máli að fá nóg af áhugasömu fólki til að taka þátt. Hvort sem það hefur áhuga á að leika, gera búninga, leikmynd eða tónlist. Öll sem vilja skapa eru velkomin. Smáleikhúsið mun einnig standa fyrir leiklistarnámskeiði fyrir börn og unglinga á aldrinum 9 - 12 ára og verður afraksturinn sýndur á Humarhátíð.

9 - 12 ára = (10:00 - 11:30) Verð: 15.000 ISK  
13 ára+ Götuleikhús = (16:30 - 19:30) FRÍTT

Öll áhugasöm sendið póst á [smaleikhusid@gmail.com](mailto:smaleikhusid@gmail.com)

Mikilvægt er að athuga að götuleikhús er jafn fjölbreytt og fólkið sem tekur þátt í því. Því viljum við hvetja öll sem hafa áhuga á að taka þátt og/eða starfa í kringum götuleikhúsið að hafa samband við okkur óháð aldri.

Leikfélag Hornafjarðar og Smáleikhúsið



Elisabet Skagfjörð og Aron Martin Ásgerðarson

## Hús Kveðja

Laugardaginn 21. maí næstkomandi verður sýningin *Hús Kveðja* eftir listakonuna Evu Bjarnadóttur. Sýningin er með byggðasögulegu ívafi því titillinn er sóttur í hefðina kringum húskveðjur, og innblástur hennar er gamla vöruhús Kaupfélagsins á Fagurhólsmýri. Ýmsir viðburðir verða haldnir í tengslum við hátíðina sem íbúar Hornafjarðar ættu að geta lesið í bæklingi sem sendur var út í vikunni. M.a. má nefna dansgjörninga, umræður heimspekinga og listamanna, að ónefndri söngugöngunni sem Eva leiðir út í Salthöfða helgina eftir opnun, en sama dag verður haldin húskveðjugjörningur í gamla vöruhúsinu. Það mætti því segja að bæði sé um að ræða sýningu sem stendur yfir í stuttan tíma (21.maí til 10. júní) og litla listahátíð sem haldin er bæði á Höfn og í Óræfum næstu fjórar vikur.



## Pilot námskeið

Nýheimar Þekkingarsetur hélt nýverið valdeflandi námskeið ætluðu ungmennum í nemendafélagi FAS og ungmennaráði Hornafjarðar. Námskeiðið er hluti af evrópuverkefnum LEGENDS, styrkt af Erasmus+. Námskeiðið heppnaðist prýðilega og megum við Hornfirðingar aldeilis vera stolt af ungu kynslóðinni sem hér býr. Megin áhersla námskeiðsins var valdefling ungmenna til frekari þátttöku í samfélaginu. Rætt var um upplifun þeirra af samfélaginu okkar, hugmyndir þeirra að betrubótum og hvernig hægt sé að hafa áhrif út frá sér. Ungu fólkið var ánægð með samfélagið okkar hér á Höfn og voru sammála um það að hér væri gott að búa. Þrátt fyrir það er ýmislegt sem unga fólkið vill sjá bætt, þau vilja auknið jafnrétti, þá sér í lagi gagnvart hinsegin fólki og öðrum hópum sem gjarnan eru jafarsettir. Þau vilja minna slúður og að hver og einn fái tækifæri til þess að vera eins og hann er án þess að mæta mótlæti. Auk þess vilja þau að Hornfirðingar sýni umhverfi sínu meiri virðingu, þau vilja minna rusl, betri umgengni og minni bílanotkun. Aðstoðum unga fólkið okkar og gerum Hornafjörð að samfélagi sem fagnar fjölbreytileikanum og sýnir fólki sem og náttúrunni virðingu!





Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
væðing fyrir alla

## Breyting á deiliskipulagi Leiru og deiliskipulagi tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis á Höfn í Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. mars 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Leiru á Höfn í Hornafirði og samhliða breytingu á deiliskipulagi tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis á Höfn í Hornafirði. Auglýsingin er í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið breytinganna eru að hliðra til skipulagsmörkum beggja skipulaganna og að skilgreina nýja raðhúsaloð fyrir 6 íbúðir við Hagaleiru.

Tillögurnar verða til sýnis frá 17. maí til 28. júní 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn. Einnig er hægt að skoða deiliskipulagstillögurnar á heimasíðu Hornafjarðar: [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir Skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina á auglýsingatíma. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir*  
Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
væðing fyrir alla

## Verkefnastjóri á fræðslu- og frístundasviði

Auglýst er eftir verkefnastjóra á fræðslu- og frístundasviði í Sveitarfélaginu Hornafirði. Helsta verkefni hans snýr að heilsuefningu, frístunda, íþróttu og æskulýðsstarfi.

**Helstu verkþættir**

- Sér um starfsemi ungmennaráðs
- Halda utan um frístundastarf sveitarfélagsins
- Sjá um tengsl við íþróttu- og æskulýðsfélög á svæðinu
- Verkefnisstjóri fyrir heilsueflandi samfélag og vinnur að forvörnum með lýðheilsuráði og skólunum
- Yfirumsjón með vinnuskólanum


**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Menntun á sviði tómsunda- og félagsmálafræða eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Farsæl reynsla og þekkingu á æskulýðs, íþróttu- og frístundastarfi
- Þekkingu og hæfni í að stýra verkefnum og koma í framkvæmd
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum og óbilandi áhugi á velferð íbúa sveitarfélagsins
- Stundvísi, ástundun og dugnaður
- Góð tölvukunátta

Umsóknarfrestur er til 27. maí 2022.

Launakjör skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Um fullt starfs er að ræða. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu. Ráðið er í starfið óháð kyni. Frekari upplýsingar veitir Þórgunnur Torfadóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 4708002 eða [thorgunnur@hornafjordur.is](mailto:thorgunnur@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarrson  
Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: Tjörvi Óskarrson  
Prentun: Litlarent  
ISSN 1670-4126

# Ágætu íbúar



Skúli Ingólfsson 3 sæti, Gauti Árnason 1.sæti og Hjördís Edda Olgeirsdóttir 2. sæti.

Þakklæti og auðmýkt er okkur efst í huga. Úrslit kosninga skiluðu okkur 3 fulltrúum í bæjarstjórn. Ykkar stuðningur skiptir máli og viljum við sjálfstæðismenn í sveitarfélaginu Hornafirði þakka fyrir góðar ábendingar og að íbúar hafi gefið sér tíma til að mæta á viðburði og í spjall um málefni sveitarfélagsins okkar. Kosningabaráttan hefur verið ótrúlega skemmtileg allt frá því að staðið var að könnun um röðun fólks á lista flokksins til kjördags 14.maí. Málefnaleg umræða var á sameiginlegum framboðsfundum um héraðið og fjöldi fólks er á öllum listum með góðar hugmyndir í þágu sveitarfélagsins. Framtíðin er björt. Við hlökkum til að fylgja eftir þeim verkefnum sem frumdan eru á næstu árum í góðri samvinnu bæjarfulltrúa, starfsmanna og íbúa. Við viljum einnig þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað á einn eða annan hátt. Nýju bæjarfulltrúarnir hlakka til næstu 4 ára og að vinna fyrir Hornfirðinga og samfélagið. Sveitarfélagið Hornafjörður fyrir alla

*Sjálfstæðisfélag Austur Skaftellinga*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
væðing fyrir alla

## Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

**Hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí næstkomanandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólalastjóra á netfangið [mariannaj@hornafjordur.is](mailto:mariannaj@hornafjordur.is).

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## FRÁ FERÐAFÉLAGINU

Fyrirhugaðri gönguferð Ferðafélags Austur-Skaftafellssýslu að Hjallanesi í Suðursveit, sem stefnt var á að fara í laugardaginn 21. maí hefur verið **frestað**. Upplýsingar um nýjan ferðadag verða birtar í næsta blaði Eystrahorns.



# Skógræktarfélag A- Skaft.



Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu var stofnað árið 1952 og á því 70 ára afmæli nú í ár. Aðalfundur félagsins var haldinn s.l. þriðjudag og af því tilefni verða hér birtir punktar úr skýrslu formanns. Síðasti aðalfundur var haldinn 29. apríl 2021 þar sem núverandi stjórn var samþykkt en hana skipa:

**Formaður:** Björg Sigurjónsdóttir

**Gjaldkeri:** Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir

**Ritari:** Gestur Leó Gíslason

**Meðstjórnendur:** Stephen Johnson og Guðrún Dadda Ásmundardóttir

**Varamenn:** Sverrir Þórhallsson og Anna Sigurbjörg Sværsvardóttir.

Það komu ekki til breytingar á stjórnarmönnum á síðasta aðalfundi. Við höfum þó fréttir af því að ritarinn okkar sé á faraldsfæti og er því hér með auglýst eftir því að áhugasamir framtíðarritarar setji sig í samband við stjórnarmenn.

Í maí mánuði 2021 kom til okkar fulltrúi frá Skógræktarfélagi Íslands sem kennið okkur á Avenza skráningarkerfi og höfum við unnið að því á starfsárinu að skrásetja nýjar gróðursetningar og sameina gagnagrunni SÍ um skóga skógræktarfélaga á landinu öllu.

Við sóttum um styrk til landgræðslusjóðs í formi plantna og fengum úthlutað 4000 plöntum sem voru gróðursettar í Haukafelli s.l. sumar. Þetta voru sitkagreni, stafafur og alaskaösp.

Aðrar gróðursetningar voru í Drápsklettum þar sem grunnskólinn gróðursetti plöntur í samvinnu við skógræktarfélagið okkar og yrkjusjóð. Einnig setti björgunarfélagið niður í Drápskletta birkiplöntur sem til komu vegna seldra rötarskóta í kringum áramótin.

Okkar hefur lengi verið ljóst að mikil vinna liggur fyrir í Haukafelli, þar hafa orðið miklar skemmdir á girðingu vegna vatnsflóða auk þess sem tími er kominn á almennt viðhald. S.l. vor var auglýstur vinnudagur í skugga covid faraldurs og eðli málsins samkvæmt var þátttaka ekki mikil og ekki náðist að klára þá vinnu sem þurfti að fara fram til að gera girðinguna fjárhelda. Þá brugðum við á það ráð að auglýsa eftir verkataka sem gæti tekið verkefnið að sér en blessunarlega hefur verið mikið um framkvæmdir í sveitarfélaginu okkar svo það komu engin tilboð í það verk.

Þetta leiddi af sér að fé gekk laust innan girðingarinnar allt s.l. sumar og af þeim sökum fóru gróðursetningar að einhverju leyti forgörðum, sérstaklega urðu aspirnar fyrir áföllum en þær þykja greinilega mikið lostæti.

Tjaldsvæðið var opnað í júní og gekk rekstur þess vel í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð þangað til sóttvarnareglur voru hertar upp úr miðjum júlí en þá neyddumst við til að loka.

Í desember voru seld jólatré og leiðisgreinar auk þess sem skógræktarfélagið lagði sveitarfélaginu til myndarlegt torgtré sem stóð undir Fiskhól á mótis við Olís og var það hið glæsilegasta.

Á komandi starfsári eru mörg verkefni framundan. Í Haukafelli ber helst að nefna kílraesingu við tjaldsvæðið, endurnýjun vatnsbóls, girðingavinna og rekstur tjaldsvæðisins.

Í Drápsklettum er svo í gangi hugmyndavinna, í samstarfi við sveitarfélagið, um að leggja stígakerfi um skógræktarsvæðið þar til að auðvelda almenningi aðgengi að því svæði sem er að okkar mati orðið skemmtilegt og sums staðar skjólsælt og stefnir hraðbyri í að verða skemmtilegur útivistar- og yndisskógur.

Við erum full bjartsýni fyrir komandi starfsári nú þegar covid er að baki (í bili a.m.k.) og hlökkum til að starfa með félögum okkar að uppbyggingu okkar svæða. Auk þess viljum við endilega fjölga í okkar liði og viljum hvetja áhugasama til að ganga til liðs við okkur því það er fátt jafn gefandi og að láta gott af sér leiða í þágu umhverfisins og ekki spillir fyrir ef það er hægt í skjóli skóganna okkar. Hægt er að skrá sig til þátttöku inni á vefsíðu skógræktarfélags Íslands eða setja sig í samband við einhvern stjórnarmanna. Mig langar að lokum að benda lesendum á að á uppstigningardag verður vinnudagur í Haukafelli þar sem skógræktarfélagið mun vera með nóg af verkefnum fyrir alla sem sjá sér fært að mæta. Það verða í boði veitingar allan daginn og svo af því að við eigum 70 ára afmæli á árinu bjóðum við til grillveislu eftir vinnu dagsins í Haukafelli. Ef einhverjir vilja nýta sér aðstöðuna þar og gista verður það einnig í boði endurgjaldslaut. Við vonumst innilega til að veðurguðir verði okkur hliðhollir og við sjáum sem flesta, félaga eða ekki félaga.

Fyrir hönd félagsins  
Björg Sigurjónsdóttir

# Verið velkomin í FASK

## Helstu verkefni á liðnu starfsári.

Stjórn FASK fundaði 8 sinnum á reglulegum fundum starfsárið 2021/2022 ásamt því að eiga einn fund með Stjórn Ríki Vatnajökuls þar sem félögin ræddu m.a um aukið samstarf og verkaskiptingu á milli félaganna. Starfið var hefðbundið þar sem FASK fjallar um og ályktar um málefni liðandi stundar er varðar ferðapjónustu í Austur Skaftafellssýslu ásamt því að sinna lögbundnum hlutverkum sínum hjá Markaðsstofu Suðurlands og Svæðisráði VJP. Ágúst Elvarsson er fulltrúi FASK hjá Markaðsstofu Suðurlands og Laufey Guðmundsdóttir er fulltrúi FASK hjá Svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs á Suðursvæði. Helstu verkefni sem ber að nefna og komust í framkvæmd þetta starfsár, er aukið samstarf FASK, Ríki Vatnajökuls og Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem komið var á reglulegum fundum þessa lykilaðila er koma að uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu. FASK fékk sæti áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, þar sem Ágúst Elvarsson er fulltrúi ferðamálafélaga sem eiga aðkomu að Vatnajökulsþjóðgarði ásamt Markaðsstofu Suðurlands. Málefni Vakans, Upplýsingamiðstöðva og úthlutunarreglur fyrir atvinnuleyfi innan Vatnajökulsþjóðgarðs voru fyrirferðarmikil í fundargerðum stjórnarinnar ásamt vörumerkjapróun, án þess að niðurstaða fengist í þau mál.



FERDAMÁLAFÉLAG  
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

## Mikilvægi FASK í samfélagsuppbyggingu í Sveitarfélaginu Hornafirði

Eins og fram kemur eru málefnið bæði mörg og jafnframt mikilvæg. Stjórn FASK hvetur alla aðila í ferðapjónustu til að gerast meðlimir FASK og styðja þannig við áframhaldandi og frekari framþróun ferðamála í Austur-Skaftafellssýslu. Það er afar mikilvægt að félagið fái inn fleiri félagsmenn sem eru tilbúnir að taka þátt í félagsstarfinu og leggja málefnum lið með umræðu og uppbyggilegri gagnrýni. Félaginu er ætlað að standa vörð um hagsmuni allra þeirra sem búsetu hafa í sveitarfélaginu og leggja stund á ferðapjónustu. Því fleiri sem gerast aðilar að félaginu því sterkara umboð hefur FASK til málefnaeigarar umræðu og ályktana til stjórnvalda sem almennt fara með málefni ferðapjónustunnar. Hægt er að fara inn á heimasíðu félagsins [www.ferdaskaft.is](http://www.ferdaskaft.is) og nálgast upplýsingar um hvernig hægt er að skrá sig í félagið. Aðalfundur félagsins fer fram fimmtudaginn 19. maí n.k í Gólfskála Hornafjarðar kl 20:00 og eru allir velkomnir. Fundinum verða einnig gerð skil í gegnum google doc meeting og þeir sem áhuga hafa á að fá sendan fundarlink eru beðnir um að óska eftir slíkum link á [faskstjorn@gmail.com](mailto:faskstjorn@gmail.com).

## Helstu verkefni FASK næsta starfsár

Verkefni framundan eru bæði krefjandi og spennandi. Stjórn FASK ætlar sér að hreyfa við og hafa áhrif á mikilvæg mál er varðar hagsmuni ferðapjónustunnar í Austur-Skaftafellssýslu.

Ber þar helst að nefna áframhaldandi vinnu við innleiðingu gæðamála, málefni þjóðgarðsins og þróun á úthlutun atvinnuleyfa innan garðsins, námskeiðshald til handa ferðapjónustuaðilum, málefni upplýsingamiðstöðvar, vörumerkjapróun, ásamt því að fjölga félagsmönnum svo eitthvað sé nefnt. Reglulegir fundir verða á sínum stað og munu fulltrúar FASK halda áfram sínu góða starfi í stjórn Markaðsstofu Suðurlands, Svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs og Stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Við hvetjum alla til að mæta á aðalfund félagsins. Allir eru velkomnir og hægt er að kynna sér helstu málefni FASK á [www.ferdaskaft.is](http://www.ferdaskaft.is)

Fh Stjórnar FASK  
Haukur Ingi Einarsson

## 90 ára afmælishátíð USÚ

Þann 28. maí næstkomandi verður Ungmennasambandið Úlfjótur 90 ára. Því til heiðurs verður blásið til léttrar íþróttagleði fyrir alla aldurshópa þar sem markmiðið er að hafa gaman. Nokkrir viðburðir verða settir upp yfir daginn og verður meðal annars boðið upp á:

- Opinn tíma í badminton
- Stígvélakast
- Blak
- Hlaup með hlaupahópi
- 3 á 3 streetball
- Fjör í frjálsum fyrir alla
- Klifur
- Teymt undir börnin
- Pokahlaup

Nánari kynning á hverjum viðburði og tímasetningar verða birtar þegar nær dregur á heimasíðu USÚ [www.usu.is](http://www.usu.is) og á Facebooksíðu USÚ. Fritt verður á alla viðburði.



Stjórn USÚ

# Sérfræðingur í innkaupateymi

Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum sérfræðingi í innkaupateymi fyrirtækisins. Innkaup á vörum og þjónustu eru mjög mikilvægur þáttur í rekstri álversins. Innkaupateymið heyrir undir innkaupasvið móðurfélagsins Alcoa Corporation og ber ábyrgð á útboðum, samningagerð, innkaupaferlum og innkaupastefnu Alcoa Fjarðaáls.

## Ábyrgð og verkefni

- Greining þarfa og kostnaðar
- Útboð á vörum og þjónustu
- Samningar við birgja og verktaka
- Samskipti við beiðendur innkaupa
- Útgáfa og eftirfylgni innkaupapantana
- Þróun innkaupaferla og innkaupastefnu

## Menntun, hæfni og reynsla

- Háskólapróf í viðskiptafræði, lögfræði eða önnur hagnýt háskólamenntun
- Reynsla af innkaupum og samningagerð er æskileg
- Færni í greiningu gagna og miðlun upplýsinga
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði
- Teymishugsun og lipurð í samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ormarr Örlygsson innkaupa-  
stjóri í tölvupósti á netfangið [ormarr.orylgsson@alcoa.com](mailto:ormarr.orylgsson@alcoa.com) eða  
í síma 843 7736. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls  
og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til  
að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is).

**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 30. maí.**

Fjarðaál

[alcoa.is](http://alcoa.is)

